

17

24. febr.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Siglufjarðarkaupstað, nr. 111 10. ágúst 1956.

1. gr.

Aftan við 2. flokk í 33. gr. reglugerðarinnar, komi viðbót, svo hljóðandi:
Soðkjarni, svo og aðrar vörur, sem ekki eru taldar annars staðar í skrá þessari.

2. gr.

Orðið „ýmislegt“, í niðurlagi 6. flokks 33. gr. reglugerðarinnar, falli niður.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 24. febrúar 1959.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

18

27. febr.

AUGLÝSING

um breytingu á lyfsöluskrá I frá 1. janúar 1956.

Frá 1. marz 1959 lækkar verð á lyfjum, eins og það er ákveðið í Lyfsöluskrá I frá 1. janúar 1956 með áorðnum breytingum og viðaukum 15. október 1958, 10. desember 1958 og 15. janúar 1959, um 5%.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 27. febrúar 1959.

Friðjón Skarphéðinsson.

Baldur Möller.

19

27. febr.

AUGLÝSING

um viðauki og breytingu á Lyfsöluskrá II frá 10. des. 1958.

Frá og með 10. marz n. k. gengur í gildi viðauki og breyting á lyfsöluskrá II frá 10. des. 1958, útgefin í dag af þessu ráðuneyti.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 27. febrúar 1959.

Friðjón Skarphéðinsson.

Baldur Möller.